

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti

Minnisblað

Viðtakandi: **Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis**
Sendandi: **Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti**
Dagsetning: **6. desember 2002**
Málsnúmer: **IVR02010095**
Bréfalykill: **52.010**

Efni: Tillaga Sparisjóðs Kópavogs um heimild til veðsetningar stofnfjárhluta

Af hálfu Sparisjóðs Kópavogs hefur verið komið á framfæri þeirri breytingu við fyrirbyggjandi frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki, að við lokamálslið 64. gr., sem mælir fyrir um bann við veðsetningu stofnfjárhluta, bætist: "nema samþykktir sparisjóðsins heimili veðsetningu að fengnu samþykki stjórnar."

Ákvæði er banna veðsetningu stofnfjárhluta hafa verið í lögum um sparisjóði allt frá því framsal stofnfjárhluta var fyrst heimilað með lögum um sparisjóði nr. 87/1985, sbr. 2. mgr. 9. gr. þeirra laga. Í athugasemdum við ákvæði það, er varð að 9. gr. umræddra laga kom m.a. fram að með hliðsjón af eðli stofnfjárhluta og þeim hagsmunum sparisjóða að geta stjórnað eigendaskiptum þætti ekki rétt að leyfa veðsetningu stofnfjárhluta, jafnvel ekki með samþykki sparisjóðsstjórnar (Alþt. 1984-85, A-deild, þskj. 917, bls. 3336-3337).

Ef réttindi eru sett að veði til tryggingar fjárskuldbindingu, er ávallt sá möguleiki fyrir hendi að eigendaskipti verði að hinu veðsetta, ef hin veðtryggða skuldbinding er vanefnd. Það fer eftir samningi aðila, með hvaða hætti veðhafa er heimilt að ganga að veðinu. Aðilar kunna t.d. að semja um að við vanefndir megi veðhafi taka hið veðsetta til eignar samkvæmt ákveðnum reglum. Algengara er þó að hinu veðsetta sé komið í verð við nauðungarsölu eða annars konar sölu. Eðli máls samkvæmt er í slíkum tilvikum ekki fyrir fram vitað hver verði eigandi hins veðsetta, ef til fullnustu kemur. Ef sparisjóðsstjórn myndi veita samþykki sitt til þess að stofnfjárhlutur yrði veðsettur með þessum hætti án frekari skilmála, mætti hugsanlega túlka það svo að hún samþykkti þar með að hver sem er mætti kaupa hlutinn. Svo virðist sem löggjafinn hafi haft þessa aðstöðu í huga þegar bann við veðsetningu var upphaflega sett í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 87/1985, enda var í athugasemdum tekið fram að ekki mætti víkja frá banninu með samþykki sparisjóðsstjórnar, eins og áður segir.

Ákvæði frumvarps til laga um fjármálafyrirtæki varðandi framsal stofnfjárhluta í sparisjóði eru byggð upp með þeim hætti, að í öllum tilvikum þurfi samþykki stjórnar sparisjóðs fyrir framsalinu, sbr. 1. másl. 64. gr. frumvarpsins. Ef um er að tefla framsal á virkum eignarhlut í skilningi laganna, þarf auk þess að koma til samþykki Fjármálaeftirlitsins, og þá eru settar frekari skorður við því í hvaða tilvikum stjórn sparisjóðs getur samþykkt framsal, sbr. 2. mgr. 70. gr. Ef veðsetning stofnfjárhluta yrði heimiluð þarf að liggja ljóst fyrir, að sparisjóðsstjórn og eftir atvikum Fjármálaeftirlitið hafi allar sömu heimildir gagnvart þeim sem kaupir veðsett

stofnfjárbréf við fullnustuaðgerðir, eins og ella þegar óskað er framsals á stofnfjárhlut. Ella er virkni framsalsreglnanna ekki tryggð.

Það er almenn regla í veðrétti, að þegar réttindi eru háð þeim takmörkunum að þau eru ekki framseljanleg, eða einungis framseljanleg með vissum skilyrðum, gilda sömu takmarkanir hvað varðar heimild til þess að veðsetja réttindin, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 75/1997 um sammingsveð. Regla þessi mælir aðeins fyrir um það í hvaða tilvikum er heimilt að stofna til veðréttar í tilteknum réttindum, og hefur hún í framkvæmd ekki verið talin standa því í vegi, að réttindi séu veðsett til aðila sem ekki hefur leyfi til að verða eigandi þeirra, sbr. Hæstaréttardóm frá 6. desember 2001 í máli nr. 245/2001.

Reglan svarar því hins vegar ekki með beinum hætti, hvort sömu takmarkanir gildi um eigendaskipti á stofnfjárhlut við fullnustu veðréttar eins og þegar framsal á sér stað með samningi. Ákvæði um samþykki sparisjóðsstjórnar fyrir framsali stofnfjárhlutar í frumvarpi til laga um fjármálafyrirtæki taka ekki heldur ótvírætt á því, hvaða heimildir stjórn sparisjóðs hefði gagnvart aðila sem eignaðist stofnfjárhlut við fullnustu veðréttar. Hins vegar er í 3. tölulið 2. mgr. 65. gr. frumvarpsins mælt fyrir um skyldu sparisjóðsstjórnar til innlausnar stofnfjárhlutar, sem gert hefur verið fjárnám í.

Ráðuneytið tekur ekki afstöðu til þess, hvort æskilegt er að breyta þeirri reglu sem hingað til hefur gilt um veðsetningu stofnfjárhluta. Ef ástæða þykir til að leggja til slíkar breytingar, verður að telja tryggara að kveða á um það með beinum hætti að eigendaskipti á stofnfjárhlut sem koma til vegna veðsetningar lúti sömu takmörkunum og framsal stofnfjárhlutar samkvæmt samningi. Útfæra mætti slíka reglu með nýrri 2.-3. mgr. 64. gr., sem kæmi til viðbótar breytingartillögu Sparisjóðs Kópavogs:

"Nú verða eigendaskipti að stofnfjárhlut við fullnustu veðréttar, sem heimilt var að stofna til samkvæmt lokamálslið 1. mgr. Skal kaupandi stofnfjárhlutarins þá óska eftir samþykki sparisjóðsstjórnar á eigendaskiptunum innan tveggja vikna frá því þau áttu sér stað. Um afgreiðslu sparisjóðsstjórnar á slíkri beiðni fer samkvæmt ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar og ákvæðum 70. gr. eftir því sem við getur átt.

Synji sparisjóðsstjórn um samþykki, eða óski kaupandi ekki samþykkis innan tilskilins frests, skal sparisjóðsstjórn innleysa stofnfjárhlutinn eftir ákvæðum 65. gr."

Breyta þyrfti upptalningu í 2. mgr. 65. gr. til samræmis við þetta.